



Reykjavík, 22. mars 2019

R18110144

114

ES

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Borgarlögmaður

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mögulega skaðabótaskyldu vegna förgunar á verki eftir Banksy

Á fundi borgarráðs hinn 15. nóvember 2018 lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi tillögu:

„Lagt er til að Reykjavíkurborg kanni hvort skaðabótaskylda hafi myndast við förgun listaverks Banksys sem hékk á skrifstofu borgarstjóra í borgarstjóratíð Jóns Gnarr“.

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 22. nóvember 2018, var tillagan send borgarlögmanni til umsagnar. Hér á eftir fylgir umsögn borgarlögmanns um tillöguna.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum sem aflað var frá Jóni Gnarr, þáverandi borgarstjóra, og frá meðlimi Besta flokksins, við gerð þessarar umsagnar, þá veittu fulltrúar listamannsins Banksy Jóni Gnarr persónulega, en ekki Jóni Gnarr sem þáverandi borgarstjóra, heimild til afnota af stafrænu afriti af mynd eftir listamanninn. Engin samskipti áttu sér stað á milli Reykjavíkurborgar eða starfsmanna borgarinnar við fulltrúa Banksy vegna málsins. Samkvæmt framangreindu hafði Reykjavíkurborg ekki heimild til þess að nota umrætt afrit og þá hafði hvorki Reykjavíkurborg né borgarstarfsmenn aðkomu að málinu.

Þá liggur fyrir að Jón Gnarr lét persónulega prenta stafræna afritið af myndinni á álplötu og verkið hékk uppi á skrifstofu borgarstjóra meðan hann gegndi því embætti. Jafnframt liggur fyrir að stafrænt afrit myndarinnar hefur nú verið máð af umræddri álplötu. Með hliðsjón af því að Reykjavíkurborg hafði enga aðkomu að málinu, hvorki aflaði né fékk heimild til að nota stafræna afritið eða hlutaðist til um afmáningu þess af álplötunni, þá er ljóst að málið varðar á engan hátt Reykjavíkurborg eða borgarstarfsmenn. Það er því einsýnt að Reykjavíkurborg getur ekki átt kröfu um skaðabætur vegna afmáningar myndarinnar af álplötunni, þar sem borgin hefur hvorki haft eignar- né afnotaheimild yfir umræddu verki.

Reykjavíkurborg ber ábyrgð sem vinnuveitandi á tjóni sem rakið verður til ólögmætrar og saknæmrar háttsemi starfsmanna Reykjavíkurborgar á vinnutíma, enda sé tjónið sennileg afleiðing af háttseminni og raski hagsmunum, sem verndaðir eru með skaðabótaeignum. Skilyrði fyrir beitingu reglunnar er að tjóni hafi verið valdið í starfi eða í tengslum við starf viðkomandi starfsmanns. Jón Gnarr var ekki starfsmaður Reykjavíkurborgar á þeim tíma er hann hlutaðist til um afmáningu myndarinnar af álplötunni. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki séð að stofnast geti skaðabótaskylda á hendur borginni á grundvelli vinnuveitandaábyrgðar vegna málsins.

Í sumum tilvikum kann að stofnast til skaðabótaskyldu á grundvelli hlutlægra ábyrgðarreglna, ýmist lögfesta eða ólögfesta. Engin hlutlæg bótaregla er til sem leggur skaðabótaábyrgð á Reykjavíkurborg vegna framangreindrar háttsemi Jóns Gnarr, hvorki lögfest né ólögfest. Þá er meginskilyrði reglunnar um hlutlæga ábyrgð það að orsakasamband sé á milli þeirrar háttsemi sem hin hlutlæga ábyrgðarregla tekur til og tjónsins. Þar sem framangreind skilyrði eru ekki uppfyllt geta hlutlægar ábyrgðarreglur ekki komið til greina sem grundvöllur mögulegrar skaðabótaskyldu Reykjavíkurborgar í málinu.



Ebba Schram